

**Ed.**

**787. Nefndarálit**

[260. mál]

um frv. til l. um stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn háskólaráðs. Einnig hefur forstöðumaður Handritastofnunar Íslands komið á fundi nefndarinnar. Nefndin mælir með frumvarpinu með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Orðin „— Handritastofnun Íslands“ falli niður.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

3. Við 5. gr. 4. málslíður orðist svo:

Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslið.

4. Við fyrirsögn. Orðin „— Handritastofnun Íslands“ falli niður.

Alþingi, 10. maí 1972.

Ragnar Arnalds,  
form., frsm.

Auður Auðuns.

Páll Þorsteinsson,  
fundaskr.

Björn Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.  
Eggert G. Þorsteinsson.

Steingr. Hermannsson.